

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Einar Már Sigurðarson.

1. gr.

Við 91. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skyldt
að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það er flutt samhliða
frumvarpi til laga um breytingu á þingsköpum Alþingis, þskj. 724, 450. mál, og er í greinar-
gerð með því að finna skýringar á tilurð þessa máls.

Allt frá 1874 hafa alþingismenn átt rétt til að beiðast svara um opinber mál og er þessi
réttur varinn af 54. gr. stjórnarskrárinna. Þannig hafa alþingismenn í gegnum tíðina fengið
þær upplýsingar um rekstur ríkisfyrirtækja sem teljast vera opinber málefni. Því er fullkom-
lega óeðlilegt að með því einu að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að
meiri hluta er í eigu ríkisins sé girt fyrir stjórnarskrárvatinn rétt alþingismanna til að hafa
eftirlit með opinberri stjórnsýslu og fjárrreiðum ríkisins.

Í skýrslu forsætisráðherra á 122. löggjafarþingi um aðgang að upplýsingum um hlutafélög
í eigu ríkisins, þskj. 25, 25. mál, er komist að þeirri niðurstöðu að ráðherra sé skyldt að gefa
alþingismönnum upplýsingar um það sem fram kemur í ársreikningi og helgast sú niðurstaða
af því að þær upplýsingar teljast opinberar samkvæmt fyrirmælum ársreikningslaganna. Því
má draga þá ályktun að aðgangur alþingismanna að upplýsingum um hlutafélög sé ekki meiri
en sá réttur sem almenningu er tryggður lögum samkvæmt. Sú niðurstaða er viðunandi þegar
um er að ræða hlutafélög sem ekki eru í eigu hins opinbera en að sama skapi óviðunandi
þegar um er að ræða hlutafélög sem ríkið á að stærstum hluta. Frumvarpi þessu er ætlað að
tryggja að þingmenn hafi sama rétt til upplýsinga um málefni hlutafélaga í meirihluta eigu
ríkisins og ef um væri að ræða ríkisfyrirtæki sem falla undir B-hluta ríkisreiknings. Ekki er
nokkur vafi á að sá réttur er rýmri en réttur almennings samkvæmt upplýsingalögum, sbr.
nýlegt alít nefndar um „starfsskilyrði stjórnsvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög
við réttarbrotum í stjórnsýslu“ um þau efni.